

14. gr.

Heimilt skal sveitarstjórnnum að koma til geymslu og varðveislu í Lánasjóði sveitarfélaga sjóðum, sem eru í eign eða umsjá sveitarfélaga, og fela honum að ávaxta þá og hafa á hendi reikningshald þeirra og afgreiðslu, ef um getur samizt.

15. gr.

Reikningsár Lánasjóðs sveitarfélaga er almanaksárið.

Ársreikningar sjóðsins skulu gerðir fyrir janúarlök ár hvert.

Fjármálaráðherra skipar tvo endurskoðendur til þess að endurskoða reikninga sjóðsins, annan án tilnefningar, og skal hann vera löggiltur, en hinn eftir tilnefningu stjórnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga. Skulu þeir hafa lokið endurskoðun reikninga sjóðsins fyrir marzlok ár hvert.

Að endurskoðun lokinni afgreiðir stjórn sjóðsins reikningana til félagsmálaráðherra, sem úrskurðar þá.

Reikninga sjóðsins skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

16. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum sjóðsstjórnar.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1966.

Ákvæði til bráðabirgða.

Framlag Jöfnunarsjóðs greiðist í fyrsta sinn á árinu 1967.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1966.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „allt að 20 millj. króna“ í 2. mgr. 27. gr. laganna komi: allt að 40 millj. króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1966.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.